

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. var tekið til umræðu á stuttum fundi nefndarinnar í dag, og gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (HG, VH og KK) vill leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en á það gat minni hl. ekki fallizt og færði fram fyrir því eftirfarandi rök:

Snemma á þessu þingi báru tveir þingmenn (JK og GísIJ) fram frv. til laga um breyting á lögum um skemmtanaskatt, þar sem lagt var til, að félagsheimilaskjóður fengi svo sem áður var 50% af skemmtanaskattinum í stað 35%, eins og hann fær nú samkvæmt lögum. Frv. þetta á þskj. 50 var sent til umsagnar til fræðslumálastjóra, forstjóra þjóðleikhússins og fjárveitinganefndar, auk þess sem fjhn., sem málinu var vísað til, ræddi frv. við þjóðleikhússtjórnina, þar sem gert var ráð fyrir, að hlutur þjóðleikhússins yrði skertur sem svaraði aukningu tekna félagsheimilaskjóðs við breytingu laganna. Hvorki þjóðleikhússtjórn né fjvn. þótti gerlegt að mæla með því, að frv. yrði gert að lögum, þar sem samþykkt þess mundi rýra mjög tekjur þjóðleikhússins, sem þá yrði að fá aukinn rekstrarstyrk sem því svaraði beint úr ríkissjóði, en fyrir því hafði ekki verið gert ráð við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Jafnframt þessu var upplýst, að í smíðum eru nú 27 félagsheimili og að van-goldin framlög sjóðsins til þeirra um síðustu áramót voru að upphæð 1 millj. króna. Þá er og upplýst, að þótt verkefni sjóðsins verði ekki aukin frá því, sem nú er, muni ógreidd framlög sjóðsins til félagsheimila árið 1959 verða um 5—6 millj. kr., nema því aðeins að sjóðnum sé séð fyrir nýjum tekjum. Eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir, lagði nefndin til einróma, að frv. yrði afgreitt með svo hljóðandi rök-studdri dagskrá:

„Frv. þetta mundi, ef að lögum yrði, rýra verulega tekjur þjóðleikhússins, sem bæta yrði á annan hátt að óbreyttum aðstæðum. Hins vegar vaxa ógreidd framlög félagsheimilaskjóðsins svo mikið árlega, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt. Deildin lítur því svo á, að aðkallandi sé, að fram sé látin fara heildarendurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og að í þeim lögum verði sett þannig ákvæði, að saman geti að jafnaði farið lögboðin framlög úr félagsheimilaskjóði og hraði byggingarframkvæmda félagsheimila, enda verði sjóðnum séð fyrir eðlilegum tekjum til þess að mæta útgjöldum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti framkvæma endurskoðun laganna á þessum grundvelli og leggi síðan tillögur til breytinga á lögnum fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Að þessari samþykkt í nefndinni stóðu einnig þeir tveir þm. (KK og HG), sem nú leggja til, að samþykkt verði frv. á þskj. 611, sem sýnilega mundi stórlega íþyngja félagsheimilaskjóði, ef að lögum verður, og þetta er gert án þess að bera fram nokkra tillögu til tekna fyrir sjóðinn. Efri deild samþykkti einróma dagskrá nefndarinnar á fundi sínum 23. febr. þ. á., og var þar enginn ágreiningur um þá afgreiðslu.

Með tilvísun til þessa leggur minni hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóð-andi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, svo sem fram er tekið á þskj. 389, og að þá verði athugað jafnframt, hvort gerlegt þykir að færa út verkvið félagsheimilaskjóðs, svo sem til er ætlað í frv. á þskj. 611, án þess þó að gera fjárhagsafkomu sjóðsins lakari, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. marz 1956.

Gísli Jónsson, Ingólfur Flygenring,
form. fundaskr.